

## **Fundargerð.**

### ***Stjórnarfundur nr. 95.***

Stjórnarfundur Norðurá bs., haldinn í Stekkjarvík 28. september 2020 kl 15:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson áheyrnarfulltrúi. Einnig var á fundinum Fannar Viggósson starfsmaður Norðurá bs.

#### **Dagskrá**

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Ársreikningur 2019
3. Boðun aðalfundar 2020
4. Tillaga að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins
5. Matskýrsla – staða starfsleyfisumsóknar.
6. Staða og horfur í daglegum rekstri urðunarstaðarins
  - a) Magn úrgangs
  - b) Almennt um rekstur
7. Samningar við sveitarfélög utan Norðurá bs
8. Bréf umsjónarmanns
9. Önnur mál

#### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð stjórnar nr. 94 frá 8. apríl 2020 samþykkt formlega og undirrituð.

#### **2. Ársreikningur 2019**

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi 2019. Magnús gerði grein fyrir helstu niðurstöðum reikningsins. Stjórn samþykkir ársreikninginn fyrir sitt leyti, áritaði hann og vísaði honum til aðalfundar til samþykktar.

#### **3. Boðun aðalfundar 2020**

Samþykkt að boða til aðalfundar þriðjudaginn 13. október kl: 15:00 í Félagsheimilinu Miðgarði. Gerð drög að dagskrá fundarins.

#### **4. Tillaga að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins.**

Borist hefur ábending frá Sveitarstjórnarráðuneytinu um tvö atriði sem betur mættu fara í samþykktum eða stofnskrá Norðurá bs. Jafnframt liggur fyrir að ýmislegt í samþykktunum þarfnast orðið endurskoðunar. Magnús lagði því fram drög að endurgerðum samþykktum fyrir Norðurá bs. Farið var yfir drögin og samþykkt að senda þau til frekari yfirlstrar og að

leggja þau fyrir næsta aðalfund. Magnúsi falið að vinna málið áfram og fá jafnframt lögfróða einstaklinga til að yfirfara samykktirnar áður en þær verði lagðar fyrir aðalfund félagsins.

## 5. Matskýrsla - starfsleyfisumsókn

Matskýrslan sem Verkfræðistofan Efla hefur unnið vegna óska um aukið starfsleyfi ásamt leyfi fyrir brennsluofni er kominn til Skipulagsstofnunnar. Skýrslan er nú í lögbundnu ferli en gert er ráð fyrir að því ljúki ekki fyrr en í upphafi árs 2021 og þá vonandi með útgáfu á nýju starfsleyfi.

## 6. Staða og horfur í daglegum rekstri

### a) Magn úrgangs

Fannar lagði fram sundurliðað yfirlit um magn úrgangs sem urðað hefur verið á árinu. Fram til loka ágúst er búið að urða 18.649 tonn í heildina en það er mjög sambærilegt magn og á sama tímabili árið 2018. Stærstu breytingarnar eru í auknum kolasalla frá PCC á Bakka og síðan grófum ólfrænum úrgangi eins og dýnum, timbri og þessháttar.

### b) Almennt um rekstur

Fannar fór yfir daglegan rekstur og gang mála á urðunarstaðnum. Í heild þá gengur starfsemin mjög vel þrátt fyrir Covid faraldurinn sem kostaði aukavaktir og breytt vinnufyrirkomulag í vor. Þessar aukavaktir eru líka ástæðan fyrir hærri launaútgjöldum á árinu en ráð var fyrir gert.

## 7. Samningar við sveitarfélög utan Norðurá bs.

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir þá samninga sem Norðurá hefur gert við sveitarfélög eða samlög þeirra utan eigendahóps byggðasamlagsins.

<i>Sveitarfélag - samlag</i>	<i>Upphaf samnings</i>	<i>Gildir til</i>	<i>Aths</i>
Flokkun Eyjafjörður ehf	16. mars 2010	31.12.2020	
Þingeyjarsveit	2015	31.12.2030	
Skútustaðahreppur	16.09.2015	31.12.2030	
Húnaþing vestra	13.03.2015	31.12.2030	
Sorpstöð Suðurlands Heildarmagn 2.500 tonn.	14.03.2019	31.12.2019	Framlengt út 2020
Norðurþing			Ekki til samningur. Stjórn samþykkti erindi 4.07.2013

Í yfirlitinu kemur fram að samningur við Flokkun Eyjafjarðar rennur út í lok árs 2020. Samningur við Norðurþing hefur ekki verið gerður en stjórn samþykkti að taka við sorpi til urðunar þaðan 2013. Samþykkt að Magnús sendi bréf á stjórnarformann Flokkunar Eyjafjarðar og óski eftir endurnýjun samningsins og óski jafnframt eftir formlegum samningi við Norðurþing.

#### 8. Bréf umsjónarmanns

Fyrir fundinum lá bréf frá Fannari Viggóssyni til stjórnar þar sem hann veltir upp auknum umsvifum og launakjörum. Samþykkt að Einar og Sveinn taki við málinu og vinni það áfram.

#### 9. Önnur mál

Engin.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 17:30

---

Magnús B. Jónsson

---

Einar E Einarsson

---

Sveinn Úlfarsson

---

Snorri Finnlaugsson

---

Fannar Viggósson